

RÍKISENDURSKOÐUN

Landhelgisgæsla Íslands

Niðurstöður fjárhagsendurskoðunar á
bókhaldi ársins 2021



Endurskoðunarskýrsla

Janúar 2023

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur farið yfir ákveðna liði í ársreikningi Landhelgisgæslu Íslands fyrir árið 2021. Landhelgisgæsla Íslands er A-hluta stofnun ríkissjóðs og eru ársreikningar stofnunarinnar og annarra A-hluta stofnana ekki áritaðir sérstaklega. Því er ekki gefið álit á ársreikningnum sjálfum. Endurskoðun fer fram sem hluti af endurskoðun ríkisreiknings og gefur ríkisendurskoðandi út álit á ríkisreikningi í heild sinni.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Landhelgisgæslu Íslands og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Endurskoðunin tók mið af alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum fyrir opinbera aðila. Val skoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á þeim liðum sem skoðaðir voru, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.





Við áhættumat er tekið tillit til þess innra eftirlits stofnunarinnar sem varðar gerð og framsetningu tiltekna liða ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og kanna hvort það tryggir viðunandi árangur. Endurskoðun á þeim liðum sem teknir voru fyrir felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur beita við gerð ársreikningsins.

Í skýrslu þessari er fjallað almennt um vinnu við endurskoðun einstakra liða ársreikningsins og niðurstöður hennar. Endurskoðunarvinna byggir á góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn. Starfsfólk stofnunarinnar veitti þá aðstoð sem óskað var eftir og brást vel við ábendingum. Við færum þeim okkar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Efnisyfirlit

Lykiltölur úr rekstri.....	4
1 Áhættumat og mikilvægi	5
2 Innra eftirlit.....	6
3.1 Innra eftirlitskerfi Landhelgisgæslu Íslands	7
3 Endurskoðun ársins.....	8
3.1 Niðurstaða endurskoðunarinnar.....	8
3.2 Ársreikningur og framsetning hans.....	8
3.3 Sviksemi	8
3.4 Upplýsingakerfi	8
3.5 Rekstrartekjur.....	8
3.6 Laun og launatengd gjöld.....	9
3.7 Annar rekstrarkostnaður.....	9
3.8 Fastafjármunir.....	9
3.9 Birgðir	9
3.10 Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	10
3.11 Handbært fé og vörslufé	10
3.12 Eigið fé.....	10
3.13 Viðskiptaskuldir	10

Lykiltölur úr rekstri



1 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga en liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi stofnunarinnar eins og kostur er.

Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Landhelgisgæslu Íslands sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 156 milljónir króna. Mikilvægismörk eru sú fjárhæð skekkna sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesenda reikningskilanna.

Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum sem finnast og máli skipta komið á framfæri við stjórnendur.

2 Innra eftirlit

Innra eftirlit byggir á þeim eftirlitsþáttum sem fyrirtæki og stofnanir starfrækja til að uppgötva, fyrirbyggja eða leiðrétta villur í skráningu, meðhöndlun eða birtingu upplýsinga. Mikilvægir eftirlitsþættir og önnur öryggisatriði sem styðja við réttar fjárhagsupplýsingar geta meðal annars verið hluti af fjárhags- og hugbúnaðarkerfum Landhelgisgæslu Íslands og stoðkerfum hennar.

Stjórnendur Landhelgisgæslu Íslands bera ábyrgð á innra eftirliti og þurfa því að hafa yfirsýn yfir fyrirkomulag innra eftirlits og þekkja tilgang þess. Stjórnendur skulu setja verklagsreglur um innra eftirlit og ganga reglulega úr skugga um að innra eftirlitið virki eins og til er ætlast.

Við endurskoðunina er tekið tillit til innra eftirlits í tengslum við ársreikning í þeim tilgangi að móta endurskoðunaraðferð í samræmi við aðstæður. Megináhersla er lögð á að finna og greina eftirlitsaðgerðir hjá stofnuninni þar sem brugðist er við verulegum áhættum er varða fjárhagsupplýsingar sem birtast í ársreikningi.

Séu þeir virkir, geta tveir mikilvægir eftirlitsþættir sem almennt eiga við um flestar stofnanir dregið verulega úr möguleikum óheiðarlegra starfsmanna til fjárdráttar, svika eða annarra ólögðra athæfa. Annars vegar er það aðskilnaður bókhalds- og fjárreiðustarfa og hins vegar kostnaðareftirlit sem felur í sér að engin útgjöld megi greiða nema fyrir liggi áritað samþykki viðeigandi ábyrgðaraðila.

Því betur sem hægt er að treysta á innra eftirlit stofnunarinnar, því skilvirkari verður endurskoðunin þar sem virkt innra eftirlit dregur úr umfangi þeirrar gagnaskoðunarvinnu sem gera þarf.

3.1 Innra eftirlitskerfi Landhelgisgæslu Íslands

Við endurskoðun ársins voru valdir eftirlitsþættir til staðfestingar á virkni þeirra:

Til staðfestingar á aðskilnaði bókhalds- og fjárreiðustarfs:	Virkni eftirlitsþátta í lykilferlum var staðfest með prófunum:	Verklag við almennar afstemmingar, greiningar og annað eftirlit var yfirfarið.
<ul style="list-style-type: none">• Starfs- og hlutverkalýsingar lykilstarfsmanna voru yfirfarnar með tilliti til verkaskiptingar.• Aðgangur að banka-reikningum var yfirfarinn.• Aðgangsheimildir í fjárhagskerfi voru skoðaðar.	<ul style="list-style-type: none">• Fylgni við reglur stofnunarinnar um samþykki kostnaðar-reikninga var skoðað.• Samþykki yfirvinnu- og annara aukagreiðslna var yfirfarið.• Samþykki launakeyrslna fyrir greiðslur voru skoðaðar.	

Landhelgisgæslan er með eigin fjárvörslu og færir sjálft bókhald í Orra – Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. Hún styðst við rafrænt samþykktarkerfi þar sem ábyrgðaraðilar þurfa að samþykkja alla reikninga. Formlegir verkferlar útgefnir af stofnuninni er lúta að bókhaldi og meðferð fjármuna liggja fyrir.

3 Endurskoðun ársins

3.1 Niðurstaða endurskoðunarinnar

Endurskoðunin var gerð í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila.

3.2 Ársreikningur og framsetning hans

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga auk stjórnvaldsákvarðana. Ársreikningurinn er eins og áður unninn af framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Landhelgisgæslu Íslands.

3.3 Sviksemi

Samkvæmt endurskoðunarstöðlum ber Ríkisendurskoðun skylda til þess að kanna með sérstökum aðgerðum þá hættu sem Landhelgisgæslu Íslands stafar af hugsanlegri sviksemi og rangfærslum í bókhaldi vegna slíks. Send var fyrirspurn til stjórnenda um sviksemi við upphaf endurskoðunar. Hlutverk endurskoðandans hvað varðar sviksemi er að öðlast nægjanlega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra rangfærslna sem rekja má til sviksemi.

3.4 Upplýsingakerfi

Stofnunin notar Orra fjárhagsupplýsingakerfi. Farið var yfir aðgang starfsmanna að bókhaldskerfinu.

3.5 Rekstrartekjur

Meginmarkmið með skoðun á tekjum er að kanna heild, nákvæmni og lotun, þ.e. að allar tekjur sem tilheyra stofnuninni skil sér og að þær séu færðar á rétt tímabil. Við endurskoðun ársins var farið yfir verklag við tekjufærslu og breytingar milli ára á einstökum liðum skoðaðar og frávik greind.

Hjá Landhelgisgæslu Íslands er unnið dag frá degi eftir fastmótuðum ferlum við tekjuskráningu, m.a. við hver mánaðarmót er unnið eftir gátlista og auk þess hefur verið skráður formlegur tekjuferill. Eftirlit með tekjum felst í því að bornar eru saman rauntölur við áætlun og veruleg frávik rakin.

Stærsti hluti tekna Landhelgisgæslu Íslands eru framlög ríkissjóðs og tengdra aðila, eða 86%. Þar af er stærst 5.099 milljóna króna framlag ríkissjóðs sem er 55% af tekjum stofnunarinnar. Þar á eftir er 2.212 milljóna króna framlag frá utanríkisráðuneytinu samkvæmt þjónustusamningi til að standa straum af kostnaði við daglegan rekstur varnartengdra verkefna, sem nam 24% af heildartekjum. Auk þess fær Landhelgisgæslan leigu- og þjónustutekjur auk annarra tekna.

3.6 Laun og launatengd gjöld

Við endurskoðun ársins var verklag við færslu launa yfirfarið og kannað, sundurliðaður launa-kostnaður borinn saman milli ára og frávik greind. Launa- og annar starfsmannakostnaður nam 3.824 milljónir króna sem er 41% af rekstrarkostnaði ársins. Starfsmenn skrá sig í Vinnustund og yfirmenn yfirfara og samþykkja færslur fyrir hverja launagreiðslu. Fyrir launagreiðslu er keyrður út launalisti sem mannauðsstjóri yfirfer og staðfestir greiðslur launa.

3.7 Annar rekstrarkostnaður

Við endurskoðun ársins var farið yfir verklag við kostnaðarfærslur, breytingar milli ára á einstökum liðum skoðaðar og frávik greind. Annar rekstrarkostnaður nam 4.881 milljónum króna sem er hækkun um 1.175 milljónir króna eða 32%. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af viðhaldskostnaði á mannvirkjum á Keflavíkurflugvelli og ratsjárstöðvum auk þyrluleigu. Fengnar voru skýringar á þeim liðum þar sem þess þótti þörf og þar sem skýringar stóðust ekki væntingar voru tekin úrtök.

Hjá Landhelgisgæslu Íslands er unnið eftir fastmótuðum ferlum um móttöku reikninga, staðfestingar og áritanir reikninganna, gjaldfærslu og greiðslu þeirra. Auk þess er stuðst við gátlista og ýmsar leiðbeiningar um mánaðarmót. Á árinu var settur fram formlegur kostnaðarferill.

3.8 Fastafjármunir

Við endurskoðun ársins var yfirfarið að stjórnendur beiti viðeigandi fyrningarhlutföllum og að meðferð rekstrarfjármuna sé í samræmi við reikningskilareglur.

Tekið var úrtak úr eignfærslum og sölum ársins og réttmæti þeirra staðfest. Farið var yfir gamlar eignir og metið með fyrirspurnum hvort einhverjar skráðar eignir séu ónýtar eða ekki í notkun. Auk þess voru tekin úrtök úr viðhaldskostnaði og gjaldfærslum á árinu og sannreynt hvort réttmætt var að gjaldfæra viðkomandi kostnað.

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna var 8.229 milljónir króna í árslok 2021. Á árinu 2021 voru keyptir fastafjármunir fyrir samtals 1.985 milljónir króna og afskriftir námu 704 milljónum króna. Seldar voru eignir fyrir 2,7 milljónir króna en þær eignir voru ekki á eignaskrá.

Bókfært verð óefnislegra eigna var 8,9 milljónir króna í árslok. Keyptar voru óefnislegar eignir fyrir 1,3 milljón króna á árinu og afskriftir námu 4,1 milljónir króna.

3.9 Birgðir

Birgðir stofnunarinnar námu 559 milljónum króna í árslok 2021. Þær eru að stærstum hluta eða 424 milljónir króna vegna varahluta loftfara. Ólíubirgðir námu 108 milljónum króna og rekstrarvörubirgðir 26 milljónum króna.

Við endurskoðun birgða var birgðalisti staðfestur við bókhaldið með því að annars vegar var tekið úrtak úr birgðalista og endurtalið og hins vegar valdar vörur á birgðastað og þær raktar til birgðalista. Auk þess var kannað hvort kostnaðarverð væri rétt skráð á birgðalista.

Nokkuð var um að reikningar vegna birgða sem keyptar voru fyrir 2012 fundust ekki. Eru þetta eldri birgðir sem lesnar voru inn í kerfið 2012 og tengjast þyrlunni TF-LÍF sem ekki hefur verið í rekstri Landhelgisgæslunnar frá árinu 2020.

Yfirfara þarf birgðir sem keyptar voru fyrir 2012 og meta hvort einhverjar þeirra séu úreltar.

3.10 Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur, fyrirframgreiðslur og aðrar kröfur námu 945 milljónum króna í árslok 2021. Þar af námu viðskiptakröfur 113 milljónum króna, viðskiptakröfur á tengda aðila 209 milljónum króna. Staða við ríkissjóð og ráðuneyti nam 507 milljónum króna og aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður 116 milljónum króna.

Við endurskoðun krafna voru afstemmingar yfirfarnar í bókhaldi stofnunarinnar.

3.11 Handbært fé og vörslufé

Handbært fé Landhelgisgæslu Íslands nam 57 milljónum króna í árslok 2021. Stofnunin er með bankareikninga í íslenskum krónum og erlendum myntum og var staða þeirra í árslok samkvæmt yfirlitum frá bönkum staðfest við bókhald.

Vörslufé stofnunarinnar nam 67 milljónir króna í árslok. Á móti vörslufjárreikningi er mótbókun meðal skulda.

Netbankanotendur hjá stofnuninni eru sjö. Fyrir utan gjaldkera eru fjármálastjóri og sérfræðingur á rekstrarsviði með fullan aðgang. Bókarar eru með skoðunaraðgang. Lagt er til að þeir sem eru með aðgang að bókhaldi séu ekki með aðgang að bankareikningum. Auk þess er bent á að aðgangur að banka skuli vera bundinn við starfsmann en ekki stofnunina.

Æskilegt er að einungis gjaldkerar hafi fullan aðgang að bankareikningum en aðrir starfsmenn hafi skoðunaraðgang.

3.12 Eigið fé

Eigið fé Landhelgisgæslu Íslands var jákvætt um 675 milljónir króna sem er lækkun um 91 milljón króna á milli ára, eða sem nemur tapi ársins.

3.13 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir stofnunarinnar námu 448 milljónum króna í árslok 2021 samanborett við 316 milljónir króna í árslok 2020.

Farið var yfir afstemmingar viðskiptaskulda, afstemmingar undirkerfa við bókhald og gengisútreikning í lok árs.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is